



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
30. september 2019

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fjórði ársfjórðungur 2019

- Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir allt að 7 ma.kr. að söluvirði¹.
- Áherslan verður á áframhaldandi uppbyggingu á nýja 2ja ára flokknum, RIKB 21 0805.
- Möguleiki er á útgáfu í flokkunum RIKS 26 0216 og RIKB 28 1115.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2019 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrstu 9 mánuðum ársins var samtals 32,7 ma.kr. að söluvirði, þar af 11,4 ma.kr. á síðasta ársfjórðungi. Nánari skiptingu á sölu ríkisbréfa má sjá í töflunni hér að neðan.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á þriðja ársfjórðungi

Almenn útboð	Útgáfa í ma.kr	
	Hámark	Raun
RIKB 21 0805	8	3,6
RIKS 26 0216	6	3,0
RIKB 28 1111	8	4,8
Samtals		11,4

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð að hámarki **7 ma.kr.** að söluvirði. Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á fjórða ársfjórðungi 2019

Skuldabréfaflokkar	Hámarksútgáfa í ma.kr.
RIKB 21 0805	7
RIKS 26 0216	4
RIKB 28 1115	3

Möguleiki er á uppkaupum eða skiptiútboðum þar sem ríkissjóður kaupir til baka RIKB20 flokkinn gegn útgáfu í öðrum markflokkum ríkisbréfa. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.